



Ú R S K U R Ð U R

Föstudaginn 11. október 2013

Mál nr. E-3827/2011:

Stefnandi: LBI. hf.

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

Stefndu: Sigurjón Þorvaldur Árnason

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Halldór Jón Kristjánsson

(Friðjón Örn Friðjónsson hrl.)

Sigríður Elín Sigfúsdóttir og
(*Helga Melkorka Óttarsdóttir hdl.*)
Brit Insurance Ltd. o.fl.
(*Viðar Lúðvíksson hrl.*)

Dómari: Skúli Magnússon héraðsdómari

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 11. október 2013 í máli nr. E-3827/2011:

LBI. hf.

(*Jóhannes Sigurðsson hrl.*)

gegn

Sigurjóni Þorvaldi Árnasyni

(*Sigurður G. Guðjónsson hrl.*)

Halldóri Jóni Kristjánssyni

(*Friðjón Örn Friðjónsson hrl.*)

Sigríði Elínu Sigfúsdóttur og

(*Helga Melkorka Óttarsdóttir hdl.*)

Brit Insurance Ltd. o.fl.

(*Viðar Lúðvíksson hrl.*)

Mál þetta var höfðað með stefnu birtri 1. og 5. júní 2011. Stefnandi er LBI hf., Austurstræti 16, Reykjavík. Stefndu eru Sigurjón Þ. Árnason, Granaskjólí 28, Reykjavík og Halldór J. Kristjánsson, með óþekkt heimilusfang í Kanada, og Sigríður Elín Sigfúsdóttir, Baugatanga 7, Reykjavík. Einnig er í málinu stefnt

eftirfarandi 25 aðilum, með lögheimili í Stóra-Bretlandi eða Þýskalandi, sem seldu stefnanda, sem áður starfaði sem fjármálafyrirtæki undir heitinu Landsbanki Íslands hf., sameiginlega ábyrgðartryggingu fyrir stjórnendur hans og starfsmenn: Brit Insurance Ltd., Liberty Mutual Insurance Europe Ltd., QBE Int Insurance Ltd., Allianz Global Corp & Specialty AG, QBE Corp Ltd., Alterra Corp Capital 2 Ltd., Alterra Corp Capital 3 Ltd., Kelvin Underwriting Ltd., Nameco Ltd., Nameco Ltd., Novae Corp Underwriting Ltd., SCOR Underwriting Ltd., Sorbietrees Underwriting Ltd., Brian John Tutin, Bridget A. Carey Morgan, Carol Jean Harris, David John De Marle Coulthard, Eileen Elsie Hunter, Gary F. Sullivan, Ian Richard Posgate, Joseph Elmaleh, John Leon Gilbert, Julian Michael West, Richard Michael Hodgson Read og Norman Thomas Rea (hér eftir vísað til sem „stefndu Brit Insurance Ltd. ofl.“)

Við fyrirtöku málsins 25. september sl. lögðu stefndu Brit Insurance Ltd. ofl. fram beiðni um dómkvaðningu tveggja matsmanna með vísan til IX. kafla laga nr. 91/1991 til þess að svara matsspurningum í 11 liðum sem þar voru nánar tilgreindar og rökstuddar. Af hálfu stefnanda og annarra stefndu voru við þessa fyrirtöku málsins gerðir fyrirvarar við beiðni um dómkvaðningu matsmanna eða beiðninni mótmælt. Var málinu þá frestað í því skyni að gefa aðilum kost á munnlegum athugasemdum um beiðni um dómkvaðningu matsmann. Munnlegur máflutningur í þessu skyni fór fram 4. október sl. Við þá fyrirtöku málsins áréttuðu stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. fyrrgreinda beiðni eins og hún væri fram sett. Af hálfu annarra málsaðila var beiðninni hins vegar mótmælt. Var málið tekið til úrskurðar eftir að lögmennt aðila höfðu fært fram athugasemdir sínar.

A

Mál þetta var þingfest 29. september 2011. Meðferð málsins á reglulegu dómþingi lauk þegar stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. lögðu fram greinargerð sína 27. september 2012 og var málið fyrst tekið fyrir, eftir úthlutun til dómara, 16. október þess árs. Við þá fyrirtöku málsins var málinu frestað til gagnaöflunar stefnanda sem meðal annars taldi sig þurfa að bregðast við framkominni áskorun stefndu Brit Insurance Ltd. um framlagningu gagna. Við þá fyrirtöku málsins kom einnig fram að aðilar töldu ekki þörf á því að svo stöddu að tekin væri afstaða til skiptingar sakarefnis eða frestunar málsins vegna opinberrar rannsóknar, svo sem krafist hafði verið af stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl.

Við fyrirtöku málsins 17. desember þess árs var aðilum gefinn kostur á að tjá sig um mögulega frestun málsins á grundvelli 3. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991 þar til niðurstaða rannsóknar sérstaks saksóknara í ákveðnum málum væri fengin svo og niðurstaða í máli LBI hf. á hendur Pricewaterhouse Coopers hf. Ekki var þó tekin formleg ákvörðun um frestun málsins á grundvelli 3. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991 af dómara og var málinu frestað til gagnaöflunar stefnanda til 25. febrúar 2013. Við þá fyrirtöku málsins var málinu frestað til gagnaöflunar stefndu til 11. mars þess árs. Við fyrirtöku málsins þann dag kynnti dómari aðilum að hann hygðist, í ljósi þess að gagnaöflun væri mjög langt komin, taka formlega afstöðu til framkominnar beiðni um frestun málsins á grundvelli 3. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991 eða skiptingu sakarefnis.

Munnlegur flutningur fór fram um þetta atriði 8. apríl 2013 en 29. mars 2013 ákvað dómurinn að hafna kröfu stefndu Brit Insurance Ltd. ofl. um frestun málsins með

vísan til 3. mgr. 103. gr. laga nr. 91/1991 að svo stöddu. Einnig var hafnað óskum aðila um skiptingu sakarefnis málsins samkvæmt 1. mgr. 31. gr. sömu laga. Við þessa fyrirtöku málsins var málinu frestað til gagnaöflunar eða framlagningar beiðni um dómkvaðningu matsmanns að ósk stefndu Brit Insurance Ltd. ofl. til 25. september 2013. Óskuðu þá aðrir aðilar eftir því að fært yrði til bókar mótmæli við hvers kyns ráðagerð um dómkvaðningu matsmanns með vísan til þess að sú beiðni væri of seint fram komin.

B

Í máli þessu krefur stefnandi stefndu Sigurjón og Halldór sameiginlega um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 16.200.000.000 krónur, auk nánar tiltekinna vaxta og dráttarvaxta, vegna ætlaðrar vanrækslu þeirra í júní 2008 á þá leið að hlutast ekki til um að innheimta ábyrgð KB Luxembourg SA á lánveitingum stefnanda til Fjárfestingarfélagsins Grettis hf. sem var í eigu Björgólfs Guðmundssonar, formanns bankaráðs stefnanda og stórs hlutahafa í bankanum. Stefndu Sigurjón og Halldór störfuðu sem bankastjórar stefnanda en stefnda Sigríður Elín sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs. Er í stefnu vísað til þess að 18. júní 2008 hafi fallið í gjalddaga lán stefnanda til Grettis að fjárhæð 18,4 milljarðar króna og hafi umrædd bankaábyrgð, sem gildi til 26. sama mánaðar, verið látin renna út án þess að gerð væri krafa um greiðslu og án þess að hlutaðeigandi aðilum innan stefnanda væri gert viðvart. Stefnandi keypti ábyrgðartryggingu fyrir starfsmenn sína og stjórnendur fyrir milligöngu bresks váttryggingamiðlara með gildistíma frá 1. febrúar 2008 til 31. janúar 2009. Eru stefndu Brit Insurance Ltd., sem og áðurgreindir meðstefndir 24 aðilar, váttryggjendur samkvæmt tryggingarsamningnum sem er í þremur sjálfstæðum hlutum. Bera þeir samkvæmt samningnum sameiginlega ábyrgð gagnvart váttryggðum, þ.e. stefnanda, en ábyrgð að ákveðinni tiltölu sín í milli. Gerir stefnandi greiðslukröfu gegn þessum aðilum í samræmi við þetta hlutfall auk nánar tiltekinna vaxta og dráttarvaxta. Af hálfu stefndu er krafist sýknu af kröfum stefnanda.

C

Af hálfu stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. er krafa um sýknu meðal annars rökstudd með vísan til þess að ábyrgð samkvæmt fyrrgreindi tryggingu sé fallin niður, tryggingin sé ógild eða ógildanleg, henni hafi verið sagt upp eða slitið eða þá að ábyrgð samkvæmt henni sé fallin niður með öðrum hætti. Í því sambandi byggja matsbeiðendur meðal annars á því að við töku tryggingarinnar í janúar 2008 hafi stefnandi, meðstefndu og aðrir váttryggðir brotið gróflega gegn upplýsingaskyldu samkvæmt lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, einkum 19. og 20. gr. laganna, almennum óskráðum reglum og ákvæðum váttryggingarsamningsins. Hafi stefnandi, meðstefndu og aðrir váttryggðir þannig veitt stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. ýmist rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um atriði sem höfðu verulega þýðingu við mat á áhættu tryggingarsamningsins.

Telja stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. að framkomin matsbeiðni þeirra lúti að mati á atriðum sem tengjast framangreindum málsástæðum. Þessir stefndu vísa sérstaklega til þess að á því sé byggt að stefnandi, meðstefndu og aðrir váttryggðir hafi ekki veitt upplýsingar og/eða tæmandi upplýsingar um fjölmörg atriði sem spurt var um í umsóknareyðublaði fyrir trygginguna og atvik sem þeir vissu eða máttu vita að hefðu verulega þýðingu fyrir mat matsbeiðanda á áhættunni. Einnig er vísað til þess

að stefnandi, meðstefndu og aðrir vátryggðir hafi veitt rangar upplýsingar við töku tryggingarinnar og hafi hinar röngu upplýsingar meðal annars komið fram í umsókn um trygginguna, glærukynningu stefnanda, ársreikningum, árshlutareikningum og ársskýrslum stefnanda 2006 og 2007, fréttatilkynningum o.fl., en þau gögn hafi haft verulega þýðingu við mat stefndu á áhættunni, verið grundvöllur tryggingarinnar og talist hluti vátryggingarsamningsins, sbr. m.a. gr. VIII. í skilmálum tryggingarinnar.

Stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. telja að matsbeiðnin lúti samkvæmt þessu að að sönnun um stórkostleg og alvarleg brot í starfsemi stefnanda bæði fyrir og eftir töku tryggingarinnar sem matsbeiðendur hafi ekki verið upplýstir um. Í þessu sambandi vísa téðir stefndu í fyrsta lagi til þess að við töku tryggingarinnar hafi stefnandi átt í gríðarlegum lausafjárvandræðum og stefndi í greiðsluþrot. Í öðru lagi hafi stefnandi við töku tryggingarinnar átt hlut í sjálfum sér, beint og óbeint, umfram lögbundið 10% hámark miðað við nafnverð innborgaðs hlutafjár. Í þriðja lagi hafi stefnandi brotið alvarlega gegn ákvæðum 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, en þar sé kveðið á um að áhætta vegna eins eða fleiri innbyrðis tengdra viðskiptamanna megi ekki fara fram úr 25% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis, sbr. 84. og 85. gr. laganna. Í fjórða lagi hafi stefnandi ítrekað veitt lán í bága við eigin reglur um lánveitingar og andstætt ákvæðum í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Í fimmta lagi hafi stefnandi ekki fylgt reglum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, einkum X. kafla laganna, er snúa að útreikningi eigin fjár, meðal annars við lánveitingar vegna hlutafjárkaupa í stefnanda sjálfum. Í sjötta lagi hafi gæði lánasafns stefnanda rýnað verulega án þess að gerð væri nein grein fyrir því í ársreikningum stefnanda. Í sjöunda lagi hafi upplýsingar í ársreikningum og árshlutareikningum stefnanda verið rangar í verulegum atriðum, meðal annars að því er varðar framangreind atriði.

Stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. vísa til þess að staða mála hjá stefnanda á ákveðnum dagsetningum skipti miklu. Þannig hafi ársreikningur fyrir árið 2006 tekið mið af stöðunni 31. desember þess árs, en sá ársreikningur hafi verið meðal þeirra gagna sem matsbeiðendum voru látin í té og hafi talist grundvöllur tryggingarinnar. Í ársreikningnum hafi hins vegar verið rangar upplýsingar og mikilvægum upplýsingum hafi þar verið sleppt. Sama eigi við, að breyttum breytanda, um ársreikning fyrir árið 2007 sem hafi miðast við 31. desember þess árs. Vísað er til þess að 9. janúar 2008 sé dagsetning tryggingarinnar og 1. febrúar þess árs hafi henni verið ætlað að taka gildi. Þá er vísað til þess að 31. mars þess árs hafi árshlutareikningur stefnanda verið gefin út, en stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. telja að í þessum reikningi hafi verið rangar upplýsingar og mikilvægum upplýsingum verið sleppt.

D

Í matsbeiðni stefndur Brit Insurance Ltd. o.fl. eru settar fram eftirfarandi spurningar sem rétt þykir að rekja orðrétt:

1) (i) Hvert var eigið fé og eiginfjárhlutfall Landsbanka Íslands hf. á hverjum eftirtalinna daga:

a. 31. desember 2006.

- b. 31. desember 2007.
- c. 9. janúar 2008.
- d. 1. febrúar 2008.
- e. 31. mars 2008.

(ii) Var eigið fé og eiginfjárlutfall Landsbanka Íslands hf. á framangreindum dögum í samræmi við þær upplýsingar um eigið fé og eiginfjárlutfall sem fram komu í ársreikningum Landsbanka Íslands hf. fyrir árin 2006 og 2007 og árshlutareikningi hans vegna fyrstu þriggja mánaða ársins 2008? Ef ekki, hver var munurinn þar á milli?

(iii) Hversu mikill hluti af eigin fé og eiginfjárlutfalli Landsbanka Íslands hf. á framangreindum dagsetningum samanstóð af lánveitingum til 20 stærstu hluthafa í Landsbanka Íslands hf. og aðila tengdum þeim, umfram lögbundið 25% hámarkshlutfall af eiginfjárgrunni, sbr. ákvæði 30. gr. laga nr. 161/2002, annars vegar samkvæmt útreikningum matsmanna og hins vegar samkvæmt ársreikningum Landsbanka Íslands hf. fyrir árin 2006 og 2007 og árshlutareikningi bankans 31. mars 2008?

(iv) Hefði verið rétt að draga eftirfarandi þætti frá eigin fé Landsbanka Íslands hf. á framangreindum dagsetningum?

- (a) Eignarhlutir aflandsfélaga í Landsbanka Íslands hf.
- (b) Eigin hlutir Landsbanka Íslands hf. á svokölluðum LI-Hedge reikningi.
- (c) Aðrir eigin hlutir Landsbanka Íslands hf.
- (d) Hækkun á virði TRS samninga í reikningum Landsbanka Íslands hf.
- (e) Virðisrýrnun að því marki sem dómkvaddir matsmenn telja að hún hefði átt að vera á hverjum tíma.

Ef svo er, hverju munar á útreikningi eigin fjár í bókum Landsbanka Íslands hf. annars vegar og hins vegar réttum útreikningum að mati matsmanna með frádrætti framangreindra þátta á framangreindum dagsetningum?

Óskað er eftir því að umfjöllun dómkvaddra matsmanna um matsspurningu nr. 1) taki m.a. mið af ákvæðum 84. og 85. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki,

viðeigandi bókhalds- og endurskoðunarreglum og öðrum reglum sem voru í gildi á viðkomandi dagsetningum.

2) (i) Hversu margir hlutir og hversu stórt hlutfall af heildar hlutafé í Landsbanka Íslands hf. var í eigu bankans sjálfs (a) með beinum hætti og (b) með óbeinum hætti (svo sem í gegnum önnur hlutafélög, einkahlutafélög, aflandsfélög, fjárhaldsfélög, önnur félög, sjóði eða aðra aðila), á hverjum eftirtalinna daga:

- a. 31. desember 2006.
- b. 31. desember 2007.
- c. 9. janúar 2008.
- d. 1. febrúar 2008.
- e. 31. mars 2008.

Þess er meðal annars óskað að í þessum lið fjalli matsmenn um eignarhald eftirfarandi aðila að hlutum í Landsbanka Íslands hf. og tengsl þeirra við bankann:

- Landsbankinn Luxembourg S.A.
- LI Hedge reikningur
- Aflandsfélög:
 - o Fjárhaldsfélög:
 - Empennage Inc (Panama).
 - Zimham Corp (Panama).
 - North Investors Global Inc/Cay Investors Global Inc (Panama).
 - Teneo Trading Ltd.
 - Kargile Portfolio Inc (Bresku Jómfrúreyjar).
 - Kimball Associated Inc. (Panama).
 - Proteus Global Holdings S.A. (Bresku Jómfrúreyjar).
 - Marcus Capital Ltd. (Bresku Jómfrúreyjar).
 - Signy Holding Corp (Panama).

- Peko Investment Company Ltd. (Bresku Jómfrúreyjar).
- Trine Ltd. (Kýpur).
- LB Holding Ltd. (Bresku Jómfrúreyjar).
- NBI Holding Ltd./ZVV Holdings Ltd. (Guernsey).
- o Sjálfseignarfélög / sjálfseignarsjóðir (e. trusts):
 - The Aurora Trust (Bresku Jómfrúreyjar)
 - The Artemis Trust (Guernsey)
 - The Madatum Trust (Guernsey)
 - The Peko Trust (Bresku Jómfrúreyjar)
 - The Tithonus Trust (Bresku Jómfrúreyjar)
 - The 1886 LB Trust (Guernsey)
- o Eignarhaldsfélög:
 - LB Holding Ltd.
 - LB Holding Ltd. forward
 - Kargile Portfolio Inc.
 - Marcus Capital Ltd.
 - Empennage Inc.
 - Zimham Corporation
 - Peko Investment Company Ltd.
 - Proteus Global Holding S.A.
 - Kimball Associated Inc.
 - Trine Lúx.

(ii) Voru eigin hlutir (hlutafé) Landsbanka Íslands hf. (með beinum eða óbeinum hætti) á framangreindum dagsetningum í samræmi við þær upplýsingar um eigin hluti Landsbanka Íslands hf. sem fram komu í ársreikningum Landsbanka Íslands hf. fyrir árin 2006 og 2007 og árshlutareikningi hans vegna fyrstu þriggja mánaða

ársins 2008? Ef ekki, hver var munurinn þar á milli?

Óskað er eftir því að umfjöllun dómkvaddra matsmanna um matsspurningu nr. 2) taki m.a. mið af ákvæðum 29. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, viðeigandi bókhalds- og endurskoðunarreglum og öðrum reglum sem voru í gildi á viðkomandi dagsetningum.

3) (i) Hversu margir hlutir og hversu stórt hlutfall af hlutafé Landsbanka Íslands hf. höfðu verið sett bankanum að veði og stóðu til tryggingar kröfum bankans á hendur öðrum aðilum á hverjum eftirtalinna daga:

- a. 31. desember 2006.
- b. 31. desember 2007.
- c. 9. janúar 2008.
- d. 1. febrúar 2008.
- e. 31. mars 2008.

(ii) Var hlutafé í Landsbanka Íslands hf., sem veðsett hafði verið bankanum og stóð til tryggingar kröfum bankans á hendur öðrum aðilum á framangreindum dögum, í samræmi við upplýsingar þar um í ársreikningum Landsbanka Íslands hf. fyrir árin 2006 og 2007 og árs hlutareikningi hans vegna fyrstu þriggja mánaða ársins 2008? Ef ekki, hver var munurinn þar á milli?

(iii) Hvað námu lánveitingar Landsbanka Íslands hf. gegn veðum í hlutum í bankanum sjálfum stórum hluta af eigin fé bankans á framangreindum dagsetningum? Óskað er eftir því að niðurstöður matsmanna verði sundurliðaðar eftir einstökum lánnum og sundurliðaðar eftir því hvaða lán voru einungis tryggð með veði í hlutum í bankanum sjálfum og hvaða lán voru einnig tryggð með öðrum hætti (og þá hverjum). Þá er óskað eftir því að matsmenn tilgreini hversu margir hlutir í Landsbanka Íslands hf. (bæði fjöldi og hlutfall af heildar hlutafé í Landbanka Íslands hf.) stóðu á framangreindum dagsetningum til tryggingar lánnum, sem viðskiptamenn höfðu fengið hjá Landsbanka Íslands hf. til kaupa á hlutum í bankanum sjálfum.

(iv) Hvaða áhrif áttu þær lánveitingar sem fjallað er um í lið (iii) í þessari matsspurningu að hafa á útreikning eigin fjár og eiginfjárlutfalls Landsbanka Íslands hf., sbr. matsspurningu nr. 1)? Voru reikningsskil Landsbanka Íslands hf.

rétt að því leyti í ársreikningum Landsbanka Íslands hf. fyrir árin 2006 og 2007 og árshlutareikningi hans vegna fyrstu þriggja mánaða ársins 2008? Ef ekki, hversu miklu munaði í hverju tilviki?

Óskað er eftir því að umfjöllun dómkvaddra matsmanna um matsspurningu nr. 3) taki m.a. mið af ákvæðum 29. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, viðeigandi bókhalds- og endurskoðunarreglum og öðrum reglum sem voru í gildi á viðkomandi dagsetningum.

4) (i) Hvert var laust fé Landsbanka Íslands hf. á eftirfarandi dagsetningum?

- a. 30. september 2007.
- b. 31. október 2007.
- c. 30. nóvember 2007.
- d. 31. desember 2007.
- e. 31. janúar 2008.
- f. 29. febrúar 2008.
- g. 31. mars 2008.

(ii) Var lausafjárstaða Landsbanka Íslands hf. á framangreindum dögum í samræmi við upplýsingar þar um í (1) lausafjárskýrslum bankans sem sendar voru Seðlabanka Íslands vegna þessara dagsetninga, (2) lausafjárskýrslum bankans sem sendar voru Fjármálaeftirlitinu vegna þessa tímabils, (3) ársreikningi bankans fyrir árið 2007 og (4) árshlutareikningi hans vegna fyrstu þriggja mánaða ársins 2008? Ef ekki, hver var munurinn þar á milli í hverju tilviki?

(iii) Var laust fé Landsbanka Íslands á tímabilinu 30. september 2007 til 31. mars 2008 nægilegt til að bankinn gæti innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi bankans fylgdu á hverjum tíma, sbr. m.a. þágildandi 83. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki?

Óskað er eftir því að umfjöllun dómkvaddra matsmanna um matsspurningu nr. 4) taki mið af ákvæðum 84. og 85. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, viðeigandi bókhalds- og endurskoðunarreglum og öðrum reglum sem voru í gildi á viðkomandi dagsetningum.

5) (i) Hversu margir hlutir og hversu stórt hlutfall af heildar hlutafé í Landsbanka Íslands hf. hafði verið boðið stjórnendum og starfsmönnum bankans í gegnum kaupréttarsamninga, ráðningarsamninga og/eða annars konar afkastahvetjandi launakerfi og stóð þeim til boða á hverjum eftirtalinna daga:

- a. 31. desember 2006.
- b. 31. desember 2007.
- c. 9. janúar 2008.
- d. 1. febrúar 2008.
- e. 31. mars 2008.

(ii) Var hlutafé í Landsbanka Íslands hf., sem boðið hafði verið stjórnendum og starfsmönnum bankans í gegnum kaupréttarsamninga, ráðningarsamninga og/eða annars konar afkastahvetjandi launakerfi og stóð þeim til boða á framangreindum dögum, í samræmi við upplýsingar þar um í ársreikningum Landsbanka Íslands hf. fyrir árin 2006 og 2007 og árshlutareikningi hans vegna fyrstu þriggja mánaða ársins 2008? Ef ekki, hver var munurinn þar á milli?

6) (i) Hver var skuld eftirtalinna aðila við Landsbanka Íslands hf. á hverjum eftirtalinna daga:

- a. 31. desember 2006.
- b. 31. desember 2007.
- c. 9. janúar 2008.
- d. 1. febrúar 2008.
- e. 31. mars 2008.

A. Björgólfur Thor Björgólfsson og tengdir aðilar (þ.m.t. félög í beinni eða óbeinni eigu eða undir stjórn hans, dótturfélög slíkra félaga o.s.frv.).

B. Björgólfur Guðmundsson og tengdir aðilar (þ.m.t. félög í beinni eða óbeinni eigu eða undir stjórn hans, dótturfélög slíkra félaga o.s.frv.).

C. AC Capital.

- D. Actavis Group.
- E. Novator International Holding Ltd.
- F. Novator Asset Management.
- G. Novator Finland.
- H. Novator Pharma Holding.
- I. Novator (í tengslum við yfirtöku á Actavis).
- J. Samson Holding / Samson eignarhaldsfélag ehf.
- K. Grettir Holding / Grettir eignarhaldsfélag.
- L. Fjárfestingarfélagið Grettir.
- M. Baugur Group og tengdir aðilar (þ.m.t. félög í beinni eða óbeinni eigu eða undir stjórn þess félags, dótturfélög slíkra félaga o.s.frv.).
- N. Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf. og tengdir aðilar (þ.m.t. félög í beinni eða óbeinni eigu eða undir stjórn þess félags, dótturfélög slíkra félaga o.s.frv.).
- O. Sund ehf. og IceCapital ehf.
- P. Elliðahamar ehf. og Elliðatindar ehf.
- Q. Straumborgir ehf. og Norvest ehf.
- R. Jakob Valgeir ehf.
- S. Bygg Invest ehf.
- T. Imon ehf.
- U. Eignarhaldsfélagið Oddaflug ehf.
- V. Eimskipafélags Íslands hf.
- W. ISP.
- X. FL Group.
- Y. Bakkavör Group og tengdir aðilar (þ.m.t. félög í beinni eða óbeinni eigu eða undir stjórn þess félags, dótturfélög slíkra félaga o.s.frv.).
- Z. Exista.
- AA. Icelandic Group.

- BB. Primus.
- CC. Daybreak Acquisitions Ltd..
- DD. Sigurður Bollason ehf. og Sigurður Bollason persónulega.
- EE. Hunslow S.A.
- FF. Bruce Assets Limited.
- GG. Pro-Invest Partners Corp.
- HH. Straumur / Straumur Burðarás.
- II. MP fjárfestingabanki.
- JJ. Gift.
- KK. Aflandsfélögin LB Holding Ltd., Kargile Portfolio Inc., Marcus Capital Ltd., Empennage Inc., Zimham Corporation, Peko Investment Company Ltd., Proteus Global Holding S.A. og Kimball Associated Inc.

Þess er óskað að matsmenn fjalli um tengsl milli aðila á framangreindum lista og tengi og tilgreini áhættuskuldbindingar þeirra innbyrðis eftir því sem matsmenn telja rétt á hverjum tíma, meðal annars með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

(ii) Hversu háar voru framangreindar áhættur / lán Landsbanka Íslands hf. til framangreindra aðila sem hlutfall af eigin fé og eiginfjárgrunni (sbr. 30., 84., og 85. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki) Landsbanka Íslands hf. á hverri hinna framangreindu dagsetninga? Hver voru áhrif þeirra á útreikning á eigin fé og eiginfjárhlutfalli Landsbanka Íslands hf. á framangreindum dagsetningum? Voru þau áhrif rétt reiknuð og tilgreind í ársreikningum Landsbanka Íslands hf. fyrir árin 2006 og 2007 og árshlutareikningi hans vegna fyrstu þriggja mánaða ársins 2008? Ef ekki, hver var munurinn þar á milli?

7) (i) Hvert var virði lánasafns Landsbanka Íslands hf. á eftirfarandi dagsetningum:

- a. 31. desember 2006.
- b. 31. desember 2007.
- c. 9. janúar 2008.

d. 1. febrúar 2008.

e. 31. mars 2008.

Var virði lánasafns Landsbanka Íslands hf. á framangreindum dögum í samræmi við upplýsingar þar um í ársreikningum Landsbanka Íslands hf. fyrir árin 2006 og 2007 og árshlutareikningi hans vegna fyrstu þriggja mánaða ársins 2008? Ef ekki, hver var munurinn þar á milli?

(ii) Hversu háar fjárhæðir og hversu hátt hlutfall af lánasafni Landsbanka Íslands hf., eins og það var á framangreindum dagsetningum, voru vegna lána til

(a) eignarhaldsfélaga?

(b) einstaklinga, félaga eða annarra lögaðila til kaupa á hlutum í bankanum sjálfum?

(iii) Hversu stór hluti af lánunum, sem liðir 7) (ii) (a) og (b) hér að framan taka til, var einungis tryggður með veði í hlutum í Landsbanka Íslands hf.? Óskað er eftir að svarið tilgreini bæði fjárhæðir og hlutfall af heildar lánasafni Landsbanka Íslands hf.

(iv) Tók afskriftareikningur Landsbanka Íslands hf. í árslok 2006 og 2007 og í árshlutareikningi 31. mars 2008 mið af eðlilegri niðurfærslu á útistandandi kröfum bankans? Þess er óskað að matsmenn hafi meðal annars, eftir því sem þágildandi reikningsskilareglur og aðrar reglur áskildu, hliðsjón af fjárhagslegri stöðu lántakenda, vanskilum lántakenda, skuldbreytingum, verulegri rýrnun veðtrygginga, sannanlegum atburðum sem bentu til að greiðslugeta minnkaði í framtíð, endurskipulagningu á fjárhag lántakenda og öðrum atriðum sem eðlilegt er að hafa hliðsjón af í því sambandi.

(v) Hver voru vanskil á lánunum sem Landsbanki Íslands hf. hafði veitt, miðað við stöðu þeirra á þeim dagsetningum sem tilgreindar eru í lið 7) (i) hér að framan? Óskað er eftir að svarið tilgreini bæði fjárhæðir og hlutfall af heildar lánasafni Landsbanka Íslands hf.

(vi) Var tilefni til að virðisrýra lánasafn Landsbanka Íslands hf. við gerð reikningsskila bankans þann 31. desember 2006, 31. desember 2007, 31. mars 2008

eða 30. júní 2008? Ef svo er, hversu há átti virðisrýrnunin að vera í hverju tilviki?

Óskað er eftir því að umfjöllun dómkvaddra matsmanna um matsspurningu nr. 7) taki meðal annars mið af skuldbindingum þeirra aðila, sem taldir eru í matsspurningu nr. 6) (i) hér að framan, við Landsbanka Íslands hf. Jafnframt er þess óskað að matsmenn svari því hvort afskriftarliðir í ársreikningi Landsbanka Íslands hf. fyrir árin 2006 og 2007 og árshlutareikningi 31. mars 2008 hafi endurspeglad eðlilegar afskriftir útistandandi krafna samkvæmt framansögðu miðað við þágildandi reglur.

8) (i) Sé miðað við stöðuna þann 31. desember 2007, hvaða skuldbindingar Landsbanka Íslands hf. samkvæmt lánssamningum bankans var fyrirsjáanlegt að féllu í gjalddaga á árinu 2008, sundurliðað eftir lánssamningum, fjárhæðum og gjalddögum?

(ii) Voru skuldbindingar Landsbanka Íslands hf. samkvæmt lið 8)(i) hér að framan í samræmi við upplýsingar þar um í ársreikningi Landsbanka Íslands hf. fyrir árið 2007 og árshlutareikningi hans vegna fyrstu þriggja mánaða ársins 2008? Ef ekki, hver var munurinn þar á milli?

(iii) Var fjárhagsleg staða Landsbanka Íslands hf. þann 31. desember 2007, 9. janúar 2008 og 1. febrúar 2008 með þeim hætti að yfirgnæfandi líkur væru að bankinn gæti staðið við allar skuldbindingar sínar á árinu 2008? Ef ekki, hversu líklegt var á þessum dagsetningum að bankinn gæti staðið við allar skuldbindingar sínar á árinu 2008?

9) (i) Var færsla Landsbanka Íslands hf. á heildarskiptasamningum (e. Total return swaps) í bókhaldi bankans á árunum 2007 og 2008 (þar með talið í ársreikningi bankans 2007 og árshlutareikningi 31. mars 2008) í samræmi við þágildandi reglur um hvernig færa skyldi og gera grein fyrir slíkum samningum í bókhaldi, ársreikningum og árshlutareikningum fjármálafyrirtækja?

(ii) Var Landsbanka Íslands hf. heimilt á árinu 2007 eða 2008 að nota viðmiðunarvexti við reikningsskil vegna heildarskiptasamninga byggða á „ásættanlegu tapi“ fremur en markaðsaðstæðum?

(iii) Ef færsla / reikningsskil Landbanka Íslands hf. á árinu 2007 eða 2008 vegna heildarskiptasamninga var ekki í samræmi við þágildandi reglur þar um (sbr. liði 9) (i) og (ii) hér að framan), hver hefðu áhrif þess verið á ársreikning bankans 2007 og árshlutauppgjör hans fyrir fyrsta og annan ársfjórðung 2008 ef færslan / reikningsskilin hefðu verið í samræmi við þágildandi reglur?

Þess er meðal annars óskað að matsmenn hafi hliðsjón af þágildandi IFRS staðli, lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, reglum um reikningsskil, reikningsskilavenjum o.fl. við umfjöllun sína um matsspurningu nr. 9).

10) Var tilefni fyrir endurskoðendur að gera athugasemdir í áritun á ársreikning Landbanka Íslands hf. fyrir árið 2006 eða 2007 um neðangreinda þætti:

(a) Að eignarhlutir aflandsfélaga í Landbanka Íslands hf. hafi ekki verið dregnir frá eigin fé bankans.

(b) Að eignarhlutir á svokölluðum LI-Hedge reikningi hafi ekki með fullnægjandi hætti verið dregnir frá eigin fé bankans.

(c) Að ekki hafi verið upplýst með fullnægjandi hætti um skuldbindingar og viðskipti Björgólfs Guðmundssonar og Björgólf Thors Björgólfssonar við Landbanka Íslands hf.

11) Þess er óskað að matsmenn fjalli einnig um önnur atriði sem þeir telja máli skipta í tengslum við framangreind álitafni.

Í matsbeiðni kemur fram að óskað sé eftir því að sundurliðaðir og rökstuddir útreikningar fylgi öllum niðurstöðum matsmanna.

E

Af hálfu annarra málsaðila er matsbeiðni stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. mótmælt. Jafnframt taka þessir aðilar málsins undir sjónarmið hvers annars því til stuðnings að hafna beri beiðni um dómkvaðningu matsmanna.

Af hálfu umræddra aðila er í fyrsta lagi vísað til þess að málsóknin hafi átt sér langan aðdraganda eða allt frá árslokum og málið verið höfðað í júlí 2011. Það hafi verið tekið fyrir fjölmörgum sinnum fyrir fyrir dómi, bæði á reglulegu dómþingi og eftir að málinu var úthlutað til dómara. Ærið tilefni hafi verið fyrir stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. að afla mats áður en dómsmálið var höfðað eða a.m.k. að leggja fram matsbeiðni á fyrri stigum þess. Matsbeiðnin sé því of seint fram komin. Á því er einnig byggt að margar þær upplýsingar sem stefndu Brit

Insurance Ltd. o.fl. óski eftir að verði aflað liggi fyrir í gögnum málsins, t.d. upplýsingar um lausafjárstöðu.

Aðrir málsaðilar en stefndu Brit Insurance Ltd. benda á að umrædd matsbeiðni sé úr öllu hófi og fyrirsjáanlegt sé að það muni taka fleiri ár að ljúka við mati samkvæmt henni. Þeir telja að af hálfu stefndu Brit Insurance Ltd. sé með matsbeiðninni vísitandi reynt að tefja fyrir meðferð málsins.

Að öðru leyti er á því að byggt að einstakar matsspurningar séu þess eðlis að ekki sé heimilt að dómkveðja matsmenn til að svara þeim. Að því er varðar ákveðnar spurningar, svo fjórða undirlið fyrstu spurningar, aðra spurningu og sjöttu spurningu er vísað til þess að um sé að ræða lagaatriði sem dómari eigi að fjalla um samkvæmt 2. mgr. 60. gr. laga nr. 91/1991. Í öðrum tilvikum er því haldið fram að matsspurningar séu óljósar eða að ekki sé nægilega vel afmarkað á hvaða forsendum matsmenn eigi að svara spurningum, sbr. t.d. fyrsta lið fyrstu spurningar og aðra spurningu. Í enn öðrum tilvikum er talið að spurningar séu tilgangslausar fyrir sakarefni málsins eða tengist því ekki, svo sem annar og fjórði undirliður fjórðu spurningar, þriðji undirliður fjórðu spurningar og 10. spurning. Þá er vísað til þess að 11. spurning sé of óljós og almennt orðuð.

Niðurstaða

Samkvæmt grunnreglu 1. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála njóta stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. rúmra heimilda til afla þeirra sönnunargagna sem þeir telja málsstað sínum til framdráttar, meðal annars heimilda til að óska eftir dómkvaðningu matsmanna samkvæmt IX. kafla laganna. Têð heimild stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. er þó háð því skilyrði að matsbeiðni beinist að þeim atriðum sem kveðið er á um 1. mgr. 60. gr. laga nr. 91/1991 og feli ekki í sér beiðni um mat á atriðum sem krefjast einungis almennrar þekkingar og menntunar eða þekkingar á lögum sem er á forræði dómsins, sbr. 2. mgr. greinarnnar. Þá má ekki vera bersýnilegt að atriði sem sanna á með mati skipti ekki máli fyrir sakarefni málsins eða að niðurstaða mats muni engum tilgangi þjóna við sönnunarfærslu, sbr. 3. mgr. 46. gr. laganna.

Eins og meðal annars verður ráðið af 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991 skal stefndi í almennu einkamáli tefla fram þeim sönnunargögnum sem hann vill reisa kröfur sínar á annað hvort við framlagningu greinargerðar sinnar eða svo fljótt sem kostur er eftir það. Samkvæmt þessu ber málsaðila að leggja fram gögn, eða óska dómkvaðningu matsmanna, til öflunar gagna eftir því sem tilefni er til, en getur að öðrum kosti þurft að sæta því að litið sé fram hjá slíkum gögnum sem of seint fram komnum og þar með þýðingarlausum við sönnunarfærslu í samræmi við almennar reglur þar um. Við þær aðstæður að matsgerð teldist of seint fram komin þannig hún hefði bersýnilega ekki þýðingu fyrir sönnunarfærslu matsbeiðanda, bæri þar af leiðandi að synja um dómkvaðningu matsmanna með vísan til 3. mgr. 46. gr. laganna, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 21. október 2011 í máli nr. 558/2011.

Við úrlausn um fyrrgreinda matsbeiðni verður þó að líta til þess að í dómaframkvæmd hefur málsaðilum ítrekað verið játað verulegu svigrúmi til afla matsgerðar á síðari stigum málsmeðferðar og hefur þá jafnan verið vísað til þess að

viðkomandi matsbeiðandi beri áhættu af sönnunargildi matsgerðar samhliða kostnaði af öflun hennar. Í þessu máli háttar og svo til að stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. áskildu sér rétt til framlagningar matsbeiðni í greinargerð sinni og settu fram beiðni sína um mat í beinu framhaldi af því að dómari synjaði kröfu þeirra um skiptingu sakarefnis málsins. Að öllu þessu virtu telur dómari því sýnt að umrædd beiðni um dómkvaðningu matsmanna er ekki svo seint fram komin að henni verið hafnað af þeim ástæðum.

A

Svo sem áður greinir grundvallast rúm heimild til að afla matsgerðar undir rekstri máls á þeim rökum að matsbeiðandi taki áhættuna af sönnunargildi mats, svo og af kostnaði við öflun þess. Styðst rúm heimild málsaðila í þessu efni þannig við almennt viðurkennda meginreglu einkamálaréttarfars um forræði aðila á sakarefninu. Til þess verður hins vegar að horfa að íslenskt einkamálaréttarfar er einnig reist á þeirri meginreglu að hraða beri máli eftir föngum. Sú meginregla styðst ekki aðeins við þá opinberu hagsmuni sem tengjast starfsemi dómstóla og allsherjarreglu heldur lýtur hún einnig að rétti manna til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli samkvæmt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 8. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög um lögfestingu sáttmálans nr. 62/1994. Er jafnframt ljóst að umrædd meginregla getur helgað ákveðnar takmarkanir á forræði aðila á sakarefninu, svo sem ýmis nánari ákvæði laga nr. 91/1991 bera vitni um.

Að mati dómara verður að leggja til grundvallar í máli þessu að fyrrgreind meginregla einkamálaréttarfars um hraða og skilvirka málsmeðferð setji því almennt skorður að aðili geti dregið mál á langinn, hvort sem er upp á sitt einsdæmi eða með sammæli við aðra aðila. Með hliðsjón af umræddri meginreglu verður enn fremur að túlka fyrrgreinda dómaframkvæmd á þá leið að rúm heimild málsaðila til öflunar matsgerðar sé háð þeirri forsendu að hin umbeðna sönnunarfærsla leiði ekki til óhóflegra tafa við meðferð máls.

B

Þær matsspurningar sem stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. hafa lagt fram í máli þessu eru í ellefu liðum á rúnum átta blaðsíðum en einstakir liðir hafa að geyma allt að sex undirliði. Þá er í ýmsum tilvikum óskað eftir nánari sundurliðun og svörum matsmanna með tilliti til mismunandi dagsetninga. Að mati dómsins er ljóst að hér er um að ræða matsbeiðni sem á sér engin fordæmi með tilliti til umfangs og líklegar tímalengdar matsstarfa. Að þessu virtu telur dómurinn ljóst að fyrrgreindri dómvenjuskapaðri reglu, um rúma heimildir aðila til að afla matsgerðar undir rekstri máls, verður ekki beitt fyrirvaralaust um þá matsbeiðni sem hér um ræðir. Samkvæmt þessu telur dómurinn að leggja verði til grundvallar að sérstakar kröfur beri að gera til þess að sýnt sé að matsspurningar beinist að þeim atriðum sem kveðið er á um í 1. mgr. 60. gr. laga nr. 91/1991, að þær hafi raunverulega þýðingu fyrir sakarefni málsins og að matsgerð muni þjóna tilgangi fyrir sönnunarfærslu stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl., sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991.

Með hliðsjón af þeim rökum sem stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. tefla fram til stuðnings matsbeiðni sinni fellst dómurinn á það með þessum stefndu að þeim

kunni að vera heimilt að óska mats á réttmæti þeirra gagna og upplýsinga um fjárhag og eignarhald stefnanda sem lágu til grundvallar samningsgerð þeirra við stefnanda í upphafi ársins 2008. Á það er hins vegar að líta að matsspurningar þessara stefndu líta almennt ekki að því staðreyna hvort slík gögn eða eða tilteknar upplýsingar, svo sem ársreikningar stefnanda, gögn um eignarhald og lausafé eða upplýsingar um skuldastöðu tengdra aðila og virði lánasafns, hafi gefið rétta mynd af stöðu stefnanda eða leita svara við því hvort nánari atriði þessara gagna hafi verið rétt. Þess í stað miðar þorri matsspurninga að því að matsmenn útbúi frá grunni ný gögn, þ.á m. uppgjörsgögn um eigið fé og eiginfjárlutfall miðað við fimm mismunandi dagsetningar og geri sjálfstæða úttekt á eignarhlut tengdra aðila og virði lánasafns. Er það álit dómsins að umrædd matsbeiðni sé að þessu leyti verulega frábrugðin þeirri matsbeiðni sem endanlega var leyst úr með dómi Hæstaréttar 19. september 2013 í máli nr. 533/2013 og verður því ekki lagður til grundvallar sem fordæmi.

Eins og málið liggur fyrir telur dómurinn að líta verði á matsbeiðni stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. sem eina heild. Er það niðurstaða dómsins, í ljósi þeirra viðmiða sem áður greinir, að stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. hafi ekki sýnt nægilega fram á að matsspurningar, eins og þær eru fram settar, hafi þýðingu fyrir sakaefni málsins. Með vísan til 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 verður framkominni matsbeiðni þessara stefndu því hafnað í heild og ekki tekin frekari afstað til þess hvort tilteknir afmarkaðir spurningarliðir kunni allt að einu að fela í sér lögmetan grundvöll dómkvaðningar. Er þá litið til þess að stefndu Brit Insurance Ltd. o.fl. er heimilt að leggja fram nýja og endurskoðaða matsbeiðni undir rekstri málsins þar sem gætt hefur verið þeirra reglna einkamálaréttarfars um öflun mats sem áður hafa verið raktar.

Skúli Magnússon héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð

Beiðni stefndu, Brit Insurance Ltd. o.fl., um dómkvaðningu matsmanna sem lögð fram var fram á dómþingi 25. september 2013 er hafnað.

Skúli Magnússon

